

Fréttatilkynning frá Landssambandi veiðifélaga

Ætlar Alþingi hunsa skýrslu Sameinuðu þjóðanna?

IPBES nefnd Sameinu þjóðanna kemst að þeirri hrollvekjandi niðurstöðu um stöðu lífríkisins heimsins að allt að ein milljón plöntu og dýrategunda sé í útrýmingarhættu. Orsakirnar eru margar en meðal þess eru breytt notkun hafs og lands og áhrif af ágengum plöntum og dýrum. Skiljanlega veldur þetta áhyggjum allra þeirra sem á horfa.

En eðlilegt er að íslensk stjórnvöld líti sér nær. Stjórnvöld hafa heimilað uppbyggingu eldis á frjóum norskum laxi í opnum sjókvíum. Dæmin hafa sýnt að lax sleppur úr slíku eldi og gengur upp í ár og blandast villtum stofnum. Með því eyðir hann erfðaeinkennum stofnanna eins og ágengar lífverur gera sem fjallað er um í skýrslu Sameinuðu þjóðanna. Augljóst dæmi um þetta er erfðamengun eldislaxa við litla laxastofna á suðurfjörðum Vestfjarða. Eldislaxinn gengur í árnar og nú hafa fyrstu eldisseiðin mælst í ánum. Öll gögn benda til þess að þessir stofnar muni á fáum árum hverfa sem slíkir. Og eftir því sem eldið eykst og fleiri miljónir frjórra laxa eru alinn í opnum kvíum eykst áhættan fyrir þá laxastofna sem fjær liggja.

Fyrir liggur frumvarp að breytingum á fiskeldislögum. Í frumvarpinu er alfarið litið framhjá þeirri hættu sem varað er við í skýrslu Sameinuðu þjóðanna. Þar er engin umfjöllun um eldi á framandi stofni í ótraustum eldisbúnaði sem ógnar fjölbreytileika erfðamengis innlendra laxastofna og hefur ófyrirséð mengunaráhrif á hafið og nálæga nytjastofna. Ekkert í vinnubrögðum stjórnvalda undanfarið ár bendir til þess að stjórnvöld taki þau málefni sem koma fram í skýrslu Sameinuðu þjóðanna alvarlega. Þvert í móti hafa grundvallar breytingar verið gerðar á frumvarpinu sem ganga í þá átt að veikja varnir fyrir umhverfið og opna fyrir áhrif stjórn mála og norskra stórfyrirtækja á áhættumat um erfðablöndun. Umsögn og meðferð umhverfisnefndar Alþingis á málinu er síðan kapítuli útaf fyrir sig, enda voru einu sérfræðingarnir sem nefndin kallaði á sinn fund, þeir sem hafa verið að vinna launuð störf fyrir sjókvíeldið.

Alþingi hefur einstakt tækifæri í vor til að móta afgerandi stefnu í málefnum fiskeldis þar sem tekið er fullt tillit til umhverfisins. Marka verður skýra stefnu í lögum um að fiskeldi skuli þróast á sjálfbæran hátt. Þar verði mörkuð sú stefna að öll aukning í sjóeldi verði aðeins leyfð í lokuð kerfi eða með notkun geldstofna. Lög og reglur þurfa að vera þannig að þau verndi umhverfið en veiti ekki erlendum stórfyrirtækjum opið veiðileyfi á villta náttúru Íslands. Undirlægjuháttur stjórnvalda við umhverfissóðaskap norsku stórfyrirtækjanna er ekki í boði lengur. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna er skýr skilaboð um að lengra verður ekki gengið og skorað er á Alþingi að taka þau skilaboð alvarlega.

Nánari upplýsingar veitir:

Jón Helgi Björnsson, formaður Landssambands veiðifélaga í síma; 893 3778